



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík 29. desember 2020
MÍ202012-0127/ 6.09 / K.M.

Efni: Rangársléttta í landi Leirubakka í Rangárþingi ytra.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 10. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um deiliskipulag Rangársléttu í landi Leirubakka.

Deiliskipulag þetta nær til lands Rangársléttu í Rangárþingi ytra. Rangársléttta liggur norður með Ytri Rangá og kemur úr landi Leirubakka. Svæðið er um 50 ha að stærð. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 11 lóðum undir frístundahús og er stærð lóða um 1,5-5,5 ha. Þá er gert er ráð fyrir aðkomuvegi um svæðið.

Fjallað er um fornleifar í kafla 1.8 í greinargerð skipulagstillögunnar. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á jörðinni Leirubakka. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla IV. II. Bindi*. Skýrslan kom út fyrr á þessu ári. Í henni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Leirubakka.

Innan skipulagssvæðisins eru sjö skráðar fornleifar. Á Rangá voru tvö vöð á þessu svæði, Fjárhúsnesvað (RA-466:029) og Brúnkukróksvað (RA-466:030). Innan skipulagssvæðisins eru þrjár beitarhúsatóftir (RA-466:027), (RA-466:052 A) og (RA-466:052 B). Þá eru heimildir um að á Fjárhúsnesi hafi verið beitarhús (RA-466:028) og gömul leið Fjárhúsnesgata (RA-466:031). Engin ummerki sjást lengur um beitarhúsin og leiðina. Fornleifarnar hafa verið merktar inn á deiliskipulagsupphráttinn. Í greinargerð segir að þess hafi verið gætt að byggingareitir séu ekki staðsettir nálægt minjunum.

Minjastofnun Íslands minnir á að í 22. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að umhverfis fornleifar skuli vera 15 metra

Valin er atlyggi á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnvaldastigi og ekki kærsluþær til aðra stjórnvalde. Jafnframt er eukin atlyggi á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstudding stjórnsýslu fyrir ákærdur hafi slúkar rökstuddingur ekki fylgt ákærdantími þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstudding fyrir ákærdur skal bera fram innan 14 daga frá því að aðili var tilkynnt ákærdurinn og skal stjórnsýslu svara henni innan 14 daga frá því hún berst.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is